



Skólasókn og viðbrögð

Ástundun nemenda er skráð í Mentor, skráningarkerfi skólans. Í upphafi skólaárs byrjar nemandi með engar skráningar. Umsjónarkennari sendir upplýsingar um ástundun nemenda til foreldra hálfmánaðarlega.

Við teljum:

- ✓ Seinkomur
- ✓ Fjarvistir
- ✓ Vísað úr tíma

Ef nemandi er fjarverandi hringir ritari í foreldra og kannar ástæðu fjarvistar. Ef nemandi er vísað úr tíma er hann sendur til stjórnenda og kennarinn hefur samband samdægurs heim og upplýsir foreldrar um málið.

Umsjónarkennari fylgist með mætingu nemenda sinna. Þegar ástundun er komin í ákveðinn fjölda af seinkomum eða fjarvistum eins og tilgreint er í töflunni á umsjónarkennari samtali við nemandann um leiðir fyrir nemandann til að bæta sig. Takist það ekki hefur kennarinn samband við foreldra/forráðamenn. Ef ástundun lagast ekki í framhaldi af því er haldinn fundur með foreldrum/forráðamönnum, umsjónarkennara og skólastjórnanda þar sem undirritaður er samningur sem inniheldur skýr og tímasett markmið. Ef markmið samningsins nást ekki er málinu vísað til nemendaverndarráðs til umfjöllunar og tekin er ákvörðun um framhaldið. Ef úrræði sem vísað er í duga ekki er málið tilkynnt til barnaverndar.

Fjöldi seint (kennslustundir)	Fjöldi fjarvista (kennslustundir)	Fundur málsaðila
5-10	2-4	Umsjónarkennari og nemandi ræða saman um leiðir fyrir nemandann til að bæta sig.
11-20	5-7	Umsjónarkennari hringir heim og ræðir við foreldra.
21<	8-11	Skólastjórnandi, umsjónarkennari, foreldrar og nemandi undirrita samning.
Reynslutími samnings er 1-3 vikur.		
Ef engin bót verður á máli vísar skólastjórnandi því til nemendaverndarráðs til umfjöllunar.		
Skólastjórnendur tilkynna málið til barnaverndar.		